

# Berist til Atvinnuveganefnd.

V/447. máls, þingskjal nr. 561

Patreksfirði, 8. febrúar 2013

Ágætu nefndarmenn.

Ég, fh. Útgerðarfélagssins Krossa ehf., sendi ykkur hér með athugasemdir við þingskjal 561-mál 447 sem er frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (stærðarmörk krókaflamarksbáta, og strandveiðar).

Mín athugasemd beinist eingöngu að stærðarmörkum og þeim afleiðingum ef þeim yrði breytt. Vil ég benda á nauðsyn þess að halda í núverandi kerfi og 15 bt stærðarmörk. Ef þessum stærðarmörkum yrði breitt og þau aukin og miðað við 15 metra yrðu afleiðingarnar eftirfarandi:

1. Leyfileg stærð báta yrði um og yfir 30 bt.
2. Mikil samþjöppun í kerfinu (kvótinn safnaðist á fáa báta).
3. Sú fjárfesting sem smábátasjómenn hafa farið út í undanfarin ár með smíði 15 BT báta minnkaði.
4. Um eiginlegt SMÁBÁTAKERFI væri ekki lengur að ræða, heldur lítinn hóp fjársterkra útgerðarfyrirtækja með fáa **mjög stóra**, mjög **kvótamikla** og **öfluga** báta.

Virðingarfyllst,

Hafþór Jónsson, Útgerðarfélagið Krossi ehf  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfirði

[haffi@snerpa.is](mailto:haffi@snerpa.is)